



# Skýrsla bankaráðs

19. mars 2025

LANDSBANKINN HF. | KT. 471008-0280 | LANDSBANKINN.IS

# Aðalfundur Landsbankans 19. mars 2025

Jón Þorvarður Sigurgeirsson, formaður bankaráðs

## Skýrsla bankaráðs

### Ágætu fundargestir.

Mér er það mikil ánægja að flytja skýrslu bankaráðs Landsbankans vegna ársins 2024. Þegar ég hef lokið máli mínu mun Lilja Björk Einarsdóttir, bankastjóri, fjalla um uppgjör og rekstur ársins.

Það er ekki hægt að segja annað en að rekstur bankans hafi gengið mjög vel á árinu. Arðsemi eiginfjár var 12,1% sem er umfram markmið og hagnaður nam 37,5 milljörðum króna og hefur aldrei verið meiri í krónum talið.

Þó bankastjóri muni fjalla nánar um reksturinn vil ég leyfa mér að minnast á eitt atriði, sem er kostnaðarhlutfall bankans, en það er nú rúmlega 32%. Þetta hlutfall er það lægsta meðal íslenskra banka og stenst samanburð við mun stærri banka, t.d. á Norðurlöndunum. Kostnaðarhlutfall Landsbankans var þannig mun lægra en hjá Danske Bank, Nordea og Jyske Bank, svo nokkur dæmi séu nefnd. Þetta er eftirtektarverður árangur og merki um ábyrgð og hófsemi í rekstri bankans.

Ábyrgur rekstur er grundvöllur þess að bankinn geti greitt út arð. Í samræmi við arðgreiðslustefnu Landsbankans leggur bankaráð til við þennan aðalfund að greiddir verði 18,9 milljarðar króna í arð vegna ársins 2024. Verði tillagan samþykkt munu arðgreiðslur bankans á árunum 2013-2025 samtals nema vel yfir 200 milljörðum króna.

Ábyrgur rekstur er sömuleiðis forsenda þess að bankinn geti uppfyllt hlutverk sitt í samfélaginu sem er fyrst og fremst að veita einstaklingum og fyrirtækjum fjármálaþjónustu og styðja við fjárfestingar og framþróun í íslensku efnahagslífi.

Landsbankinn er umfangsmikill í þjónustu við alla helstu atvinnuvegi landsins. Útlánastarfsemi til fyrirtækja byggir á traustum grunni, en starfsfólk bankans býr yfir djúpri þekkingu á íslenskri fyrirtækjastarfsemi og áhættustýringu og hafa vanskil verið í lágmarki um nokkurt skeið. Ný útlán bankans til fyrirtækja skiptast nokkuð jafnt á milli atvinnugreina.

Landsbankinn er þó ekki síður mikilvægur lánveitandi og þjónustuveitandi til einstaklinga og heimila og var útlánaaukning nokkur og talsvert var um endurfjármögnun lána.

Þessi aukning í útlánum væri ekki möguleg nema vegna þess að fjármögnun bankans gekk vel á árinu, bæði hvað varðar innlán og markaðsfjármögnun.

Bankinn nýtur trausts meðal almennings á Íslandi, sem sést á vexti innlána frá einstaklingum, en aukin innlán byggja ekki síður á samkeppnishæfum kjörum og aðgengilegri þjónustu. Helmingurinn af inn-

---

lánsaukningunni var til kominn vegna innlána frá einstaklingum og heimilum. Markaðsfjármögnun á innlendum markaði var fjölbreytt og regluleg og á síðasta ári voru gefin út bæði sértryggð og víkjandi skuldabréf í krónum.

Bankinn nýtur einnig trausts á erlendum vettvangi eins og mat alþjóðlega matsfyrirtækisins S&P gefur til kynna, en fyrirtækið bæði hækkaði lánshæfi bankans á árinu og breytti horfunum á mati sínu í jákvæðar í nóvember. Slík breyting er oftast en ekki fyrirboði um frekari hækkun og mun bankinn fylgja því fast eftir. Bankinn sótti jafnframt fjármögnun á erlenda markaði á árinu í evrum og Norðurlandamýntum, bæði með almennum og víkjandi kjörum og þess ber að geta að um 60% af erlendri fjármögnun á árinu 2024 var svokölluð græn fjármögnun, sem byggir á sjálfbærnistefnu bankans.

Landsbankinn sækir viðskipti um allt land og eitt af því helsta sem greinir hann frá keppinautum er að bankinn rekur 35 útibú og afgreiðslur, þar af 29 utan höfuðborgarsvæðisins. Bankinn hefur nýtt tæknina til að efla útibúanetið og gera starfsfólki þar kleift að sinna fjölbreyttum verkefnum sem eru óháð staðsetningu. Vissulega felst kostnaður í að viðhalda útibúaneti en í þessu tilfelli gerir það meira en að standa undir sér. Útibúanetið er bæði hagkvæmt í rekstri og á örugglega stóran þátt í sterkri markaðsstöðu bankans. Þessi þróun er ekki einsdæmi og má sjá nýleg dæmi um svipuð viðskiptamódel, t.d. í Bandaríkjunum og Svíþjóð.

Um leið og bankinn leggur áherslu á mannlega þáttinn og gömul bankagildi, þá býður hann fremstu tæknilausnir, app og netlausnir fyrir bæði einstaklinga og fyrirtæki. Notkun á þeim heldur áfram að aukast og fjárfestingar bankans í upplýsingatækni eru og verða áfram miklar.

Bankar í heiminum eru í auknum mæli tæknifyrirtæki og ætla Landsbankinn að vera í fremstu röð þegar kemur að hagnýtingu á tækni. Á sama tíma er ljóst að áfram verður að leggja þunga áherslu á netöryggismál, enda fara ögnirnar vaxandi.

Með aukinni tækni fer samkeppni vaxandi, bæði frá innlendum fyrirtækjum en ekki síður frá erlendum fjármálafyrirtækjum sem sækja viðskipti hingað í auknum mæli.

Mér finnst þess vegna nauðsynlegt að víkja stuttlega að umgjörðinni sem stór íslensk fjármálafyrirtæki starfa innan en hún hefur bæði áhrif á samkeppnishæfni, arðsemi og þau kjör sem bankinn getur boðið viðskiptavinum sínum.

Eftir atburði ársins 2008 var öll umgjörð fjármálakerfisins á Íslandi tekin til nauðsynlegrar endurskoðunar. Reglur voru hertar og eftirlit aukið. Um leið voru aukin gjöld og skattar lögð á fjármálakerfið. Til að tryggja styrk bankakerfisins voru eiginfjárkröfur og kröfur um lausafé einnig auknar umtalsvert. Til efnið var ærið og niðurstaðan er sú að í dag stendur íslenskt fjármálakerfi styrkum fótum. Það er á hinn bóginn svo að ítarlegri kröfum fylgir töluverður kostnaður. Kostnaður kemur fram í hærri gjöldum og hærri vaxtamun en ella. Hver peningur hefur nefnilega tvær hliðar.

Tíminn gengur hægt en líður hratt, eins og bandaríski rithöfundurinn Alice Walker orðaði það. Á þessu ári verða 10 ár liðin frá afnámi gjaldeyrishafta og innan þriggja ára verða 20 ár liðin frá falli bankanna. Það væri ekki úr vegi fyrir stjórnvöld að nota þessi tímamót til að meta hvort rétt jafnvægi hafi verið markað varðandi fjármálakerfið og skoða stöðu og samkeppnishæfni fjármálageirans á Íslandi í samanburði við nágrannalöndin. Slík endurskoðun ætti að sjálfsögðu að hafa í forgangi að varðveita styrk og stöðugleika fjármálakerfisins og horfa til sögunnar en líta jafnframt til nýrra áskorana þar sem næsta áraun á fjármálakerfið mun væntanlega birtast okkur úr óvæntri átt.

## Góðir fundargestir.

Efnahagsumhverfið hefur verið hagstætt bankarekstri og á það sinn þátt í hagfelldri afkomu bankans. Þrátt fyrir mikla óvissu í alþjóðakerfinu og á alþjóðlegum mörkuðum reyndist síðasta ár vera stöðugt í efnahagslegu tilliti. Lítils háttar hagvöxtur mældist á síðasta ári og horfur fyrir þetta ár eru viðunandi. Það er ekki síður ánægjulegt að sjá að árangur er að nást í glímunni við verðbólguna.

---

Íslensk heimili og fyrirtæki eiga mikið undir efnahagslegum stöðugleika og að sama skapi skiptir miklu máli að hér verði áfram góð skilyrði til verðmætasköpunar. Landsbankinn er í sterkri stöðu til að styðja við íslenskt samfélag. Bankinn er í sóknarhug og það eru breytingar fram undan, m.a. með breiðari vöruframboði í tengslum við kaup bankans á TM.

Núverandi bankaráð tók við í apríl í fyrra og hefur því setið í nærri eitt ár. Það hefur verið ánægjulegt að kynnast starfsemi bankans og því öfluga starfsfólki sem hér vinnur. Við sem sitjum í bankaráði komum öll ný inn í ráðið á síðasta aðalfundi. Við þurftum að hlaupa hratt til að komast inn í rekstur bankans, en bankaráðið er að mínu mati afar vel samsett.

Ég vil að lokum þakka hluthöfum, bankaráði, stjórnendum og starfsfólki bankans fyrir ánægjuleg samskipti á liðnu starfsári. Fyrir hönd bankans vil ég þakka Bankasýslunni fyrir samstarf undanfarinna ára og hlakka til frekara samstarfs við skrifstofu stjórnunar og umbóta í fjármála- og efnahagsráðuneytinu.